**Ed.** **315. Breytingartillögur**

við frv. til umferðarlaga.

Frá Árna Jónssyni.

1. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Ökumenn skulu halda sig vinstra megin á akbraut, eftir því, sem við verður komið og þörf er á vegna annarar umferðar. Þeir skulu víkja greiðlega til vinstri fyrir þeim, sem á móti koma, en hleypa fram fyrir sig á hægri hönd þeim, sem fram fyrir vilja.
2. Við 7. gr. Í stað orðsins „hægri“ á tveim stöðum í 1. málsgr. komi: vinstri.
3. Við 12. gr. Í stað orðanna „halda sér hægra megin“ komi: halda sig vinstra megin
4. Við 13. gr. Síðasta málsgr. orðist svo:
   Gangandi menn skulu halda sig vinstra megin á gangstétt og jafnan víkja til vinstri hver fyrir öðrum.
5. Við 16. gr. Greinin fellur burt.
6. Við 17. gr. Önnur málsgr. fellur burt.